

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 2. nóvember 2022
UST202209-172/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi - Rifós að Lóni - fiskeldisstöð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að byggingarreitur C lengist um 40 m til suðurs svo byggja megi annað hús undir eldisker við hlið þess sem nú þegar er innan byggingarreits. Að auki er bætt við byggingarreit H þar sem heimilt er að byggja allt að fimm starfsmannahús sem hvert um sig getur verið allt að 100 m² og á einni hæð. Skilmálar byggingarreits F breytast þannig að hámarksvegghæð verður 4,5 m, hámarksmanishæð verður 7 m og hámarksbyggingarmagn verður 2.000 m². Gert er ráð fyrir nýrri seiðastöð á reit F.

Hraun

Líkt og fram kemur í breytingartillögunni er skipulagssvæðið á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Fram kemur að það svæði sem stækkaður byggingarreitur C og byggingarreitur H ná yfir sé að mestu hulið sandi og mold. Þó standi klappir að nokkru leyti upp úr lausa jarðveginum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að byggingarreitir séu afmarkaðir með verndargildi jarðmyndana í huga. Forðast ber að raska nútímahrauni sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nema brýna nauðsyn beri til, þá fyrst og fremst almannahagsmunir, og ljóst sé að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum

mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur